

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1981

28. júlí 1981.

217

Nr. 71.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 28. júlí 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

28. júlí 1981.

Nr. 72.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð
nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 17. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu friðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. 1. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands. Háskólaráð ákveður hvenær árleg skrásetning fer fram.

2. gr.

3. mgr. II 88. gr. orðist svo:

Halda skal áfangapróf í greinum 4, 5 og 6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa er fyrr getur ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf má hann þreyta annað áfangapróf eftir reglum 1. málsl. þessarar greinar eða ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent áfangapróf má hann endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir

A 28